

1104. stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 9. desember í Kringlunni 7 á 2. hæð, kl. 12:00

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Gestur: Jón Sigurðsson formaður stjórnar hjúkrunarheimilisins Eirar.

Dagskrá:

1. Málefni Eirar

Ólafía Björk bauð velkominn gest fundarins sem er Jón Sigurðsson formaður stjórnar hjúkrunarheimilisins Eirar sem auk þess er fulltrúi VR í stjórn Eirar. Hún hafði beðið hann um að koma til fundar við stjórn VR til að skýra stöðu mála hjá Eir en áður hafði hún átt fund með Jóni ásamt Stefáni, Fríði Birnu og Sigurði.

Jón fór yfir stöðu mála og dreifði skjalinu „*Hjúkrunarheimilið Eir / VR*“ dags. 9.12 2013 og fór m.a. yfir efni þess og málefnið almennt. Í máli Jóns kom m.a. fram að mikið sé þar framundan og enn óvissa um stöðu og framtíð hjúkrunarheimilisins en þau finni þó fyrir yfirgnæfandi stuðningi við það sem verið er að gera. Meginvandinn er í húsrekstrarsjóði en þó er skorið inn að beini í öllum rekstri.

Umræður.

Að loknum umræðum var Jóni þökkuð þessi kynning og vék hann af fundi kl. 12:52.

2. Staða kjarasamninga

Ólafía Björk fór yfir stöðuna í kjarasamningum en uppúr viðræðum slitnaði fyrir helgi.

Umræður.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:10

Árni Leósson, fundarritari